



Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 18. árg.

Desember 2003



Leitin mikla

*Lát dýran dag þinn rísa
mín dagsins stjarna skær,
mér vegu ljóssins vísa,
og ver mér ætíð nær,
ó, morgunstjarna mær.* (Sb. 109. 3)



Endur fyrir löngu sáu nokkrir lærdir menn í austurlöndum nær teikn á himni. Ný stjarna, óvenju skær, hafði birst. Þessir vísu menn töldu að hér væri fyrirboði um fæðingu konungs þess, sem spámenn höfðu boðað að koma myndi í heiminn. Og þeir lögðu af stað - leitin var hafin. Þeir fóru og fundu svar og enn í dag eru margir sem leggja í sömu för.

Við þekkjum þessa sögu. Hún er okkur hjartfólginn hluti jólaguðspjallsins kæra. Hún minnir á þrá manna eftir leiðsögn Guðs og leitinni að ljósi og sannleika. Kristnir menn eru kallaðir til að vera leitendur hér í heimi. - Kallaðir til að vaka yfir því hvert við stefnum í lífinu og hvað það er sem leiðir til góðs. Hugum því að hvert stefnir í lífi okkar þessi komandi jól. Það er sannarlega hollur og vekjandi jólaundirbúningur, að lita í eigin barm og gæta að hvort nokkuð mætti betur fara í samskiptum okkar hvert við annað. Öll þráum við sátt, gleði og frið. Öll þráum við svarið sem Guð einn getur gefið. Leitir að ljósi og sannleika inn í líf okkar kallar ekki nauðsynlega á löng ferðalög. En sú leit kallar ávallt á að við lítum yfir svið tilverunnar og hugum að hvað það er sem mestu varðar. Ef þú skyggnist vel muntu sjá og finna leiðarstjörnu og hún mun vísa þér veginn.

Fyrstu orð Jesú Krists til lærisveina sinna forðum voru: „Hvers leitir þú?“ (Joh. 1:38). Löngu síðar hvatti hann þá og sagði: „Biðjið, og yður mun gefast, leitir, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða“ (Matt. 7.7). Í þessum boðskap er lagður grundvöllur þess að við getum öðlast sanna jólagleði. Fylgjum því ráðum Frelsarans, því þá munum við sannarlega finna Drottin dýrðarinnar eins og lærisveinarnir forðum og jólni að sönnu koma.

*Stjarnan veitt oss einnig er,
og ef henni fylgjum vér,
hennar leiðarljósið hjarta
leiða' um jarðar húmið svarta
::: oss mun loks til lausnarans. :::* (Sb. 108. 6)

Gleðileg jól

gott og farsælt
komandi ár

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðilega jólahátíð.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson
sóknarprestur

Lífið í kirkjunni

Helgihald - lifandi kirkja

Við í Glerárkirkju teljum að helgihaldið við kirkjuna hafi yfir sér gláðan og aðlaðandi svip, enda er gleðin eitt höfuðeinkenni kristindómsins. Sá mikli fjöldi sem sækir kirkjuna bæði í barnastarfinu, hinni almennu guðsþjónustu og kyrrðar- og bænastundum er til vitnis um að kirkjan er lifandi veruleiki sem skiptir máli í lífi fólks. Trúin hefur meðbyr og við prestarnir finnum hversu margir eru leitandi og þrá innilegt trúarsamneyti bæði við Drottinn sjálfan og aðra sem trúa.

Í kirkjunni er helgihald hvern sunnudag, við nefnum það guðsþjónustu þegar ekki er altarisganga en messu þegar altarisganga fer fram. Helgihald sunnudagsins er að jafnaði kl. 11.00 og er sameiginlegt upphaf messu og barnasamveru, börn halda síðan í safnaðarsal undir sálminum fyrir predkun og þar taka leiðtogar barnastarfsins við.

Guðsþjónusta með létrri tónlist er að jafnaði einu sinni í mánuði þá hefur meiri léttleiki en endranær verið ríkjandi, ljúfar góðar stundir sem flestir ættu að geta notið. Fjölskylduguðsþjónusturnar með barnakórnum hljóta síðan að hræra við hverju hjarta því fátt er eins fallett og þegar börnin syngja. Fyrir þá sem vilja njóta kyrrðar og friðsendar eru stundirnar á þriðjudögum og miðvikudögum kærkomnar, þar gefst

kostur á að bera fram málefni sín í bæn og biðja fyrir öðrum sem er okkur hollt og öðrum til blessunar.

Auk helgihaldsins má nefna tólfsporahópa, fræðsluhópa, tónlistar- og kórstarf sem vitna um hið mikla starf í kirkjunni. Alla daga og flest kvöld er uppbyggjandi starf í kirkjunni, þar logar einnig það innra ljós sem lýsir heiminum, „*Sjá ég er ljós heimsins, hver sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins*“, segir Frelsarinn. Því hvetjum við þig nú á jólafoðstunni til að líta til kirkjunnar þinnar og sjá hvort þú finnst þar ekki þann frið og fögnuð sem auðgað geti líf þitt. Kirkjan þín er ávallt opin fyrir þig.

Samverur eldri borgara

Samverur eldri borgara hafa verið einu sinni í mánuði á fimmtudögum milli kl. 15 og 17. Hafa þetta verið ákaflega skemmtilegar stundir þar sem góðir gestir hafa auðgað samfélagið í kirkjunni með framlagi sínu í tali og tónum auk þess sem Þorhildur matræðskona

hefur náð að töfra fram glæsilegar veitingar. Í fyrri samveru haustsins flutti Dr. Sigríður Halldórsdóttir fróðlegt erindi um heilsu og heilbrigði og þau Hildur Tryggvadóttir og Hjörtur Steinbergsson fluttu skemmtilega tónlist.

Á síðari samverunni kom Sr. Magnús G. Gunnarsson með harmonikkuna og lék undir borðhaldi en síðan var lesið úr ljóðum Stephans G. og æfisögu hans, Barnakór Glerárkirkju kom síðan og söng



...úr ferð fermingarbarna til Löngumýrar.

nokkur lög undir stjórn Ástu Magnúsdóttur og var gaman að sjá svo mörg börn og einkar ánægjulegt að hlýða á söng þeirra. Þetta var eins og svo oft áður afar skemmtileg samvera og vel sótt og ljóst að við í Glerárkirkju þurfum að fjölga þessum samverum.

Næsta samvera er fyrirhuguð fimmtudaginn 18. desember og verður þar eflaust glatt á hjalla í jólaundirbúningnum.

Barnakórinn

Starf barnakórs Glerárkirkju hefur verið með miklum ágætum undir stjórn Ástu Magnúsdóttur. Fjöldi stúlkna æfir af kappi og höfum við notið söngkrafta þeirra í fjölskylduguðsþjónustunum sem eru í lok hvers mánaðar auk þess sem kórinn hefur glatt eldri borgara og munum við njóta þeirra ríkulega nú á adventunni.

Fermingarfræðslan

Rösklega 140 börn eru nú í fermingarfræðslu í Glerárkirkju. Hver bekkjardeild kemur einu sinni í viku í kirkjuna og þar fer fræðslan fram. Studst er við bókina „*Lif með Jesú*“. Helstu höfuðþáttum trúar- og mannlífs og síðan er stutt helgistund í kirkjunni. Lagt hefur verið að börnum og foreldrum þeirra að sækja guðsþjónustur í kirkjunni og er einkar ánægjulegt að sjá hversu vel sóttar samverur kirkjunnar eru. Foreldrar fjölmenna til kirkju ásamt börnum sínum og er það mikið gleðiefni.



... frá opnu húsi fyrir foreldra og börn.



Á haustdögum fóru öll fermingarbörn Glerárkirkju í dagsferð í Skagafjörð. Komið var við í Hóladómkirkju en síðan var haldið að Löngumýri í afar skemmtilegt starf í umsjón Sr Sigurðar Grétars Sigurðssonar Hvammstanga-prests og æskulyðsfrömuðar. Fjallað var um boðorðin 10 í stuttmyndum sem teknar voru á staðnum auk þess sem gagnlegar umræður urðu um samskipti fólks, tilfinningar og liðan unglingsáranna. Einnig gafst tími til að liðka sig í heita pottinum.

Það var síðan ákaflaga glaður og ánægður hópur sem hélt heimleiðis eftir stuttan stans í Miklabæjarkirkju. Lífir ferðin í endurminningum okkar flestra sem einkar ánægjuleg upplifun.

Foreldrafundir voru haldnir þrjú sunnudagskvöld í nóvember og voru það fjölmennar og góðar samverur þar sem rætt var um starfið með börnunum, markmið þess, leiðir og tilgang. Má með sanni segja að fermingarfræðslan sé í föstum og góðum skorðum og kynni okkar prestanna af fermingarbörnunum sérstaklega góð og ánægjuleg og fyrir það ber að þakka.

Fræðsluferð starfsfólks

Laugardaginn 22. nóvember hélt 20 manna hópur starfsfólks ásamt prestum og liðsmönnum í starfi kirkjunnar austur í Aðaldal til að byggja sig upp fyrir annri adventunnar og jólanna. Hér voru í ferð fastir starfsmenn auk sóknarnefndarfólks og leiðtoga í hóparstarfi. Haldið var að Grenjaðarstað. Síðan var messað og sr. Kristján Valur Ingólfsson þjónaði fyrir altari. Þá var farið að Kirkjumíðstöðinni við Vestmannsvatn þar sem sr. Kristján Valur flutti fræðsluerindi og leiddi umræður um starf kirkjunnar. Þessi samvera var einkar fróðleg og gefandi fyrir okkur öll. Það var endurnærður hópur sem hélt heim til Akureyrar eftir mikla og góða andlega sem líkamlega næringu á þessum ágæta stað. Það eru stórkostleg forréttindi að starfa með góðu fólki í lifandi starfi, fyrir það erum við starfsfólk Glerárkirkju þakklát. Megi helgur andi áfram blessa starf okkar svo ávextir þess verði ríkulegir.

Sr. Arnaldur Bárðarson.



...frá fræðsluferð starfsfólks til Vestmannsvatns.

Samhygð

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð, Samhygð eru samtök sem starfað hafa í fjölmörg ár hér á Akureyri. Samtökin eru sjálfshjálparhópur þeirra er hafa orðið fyrir missi í lífinu og vilja leita sér hjálpar eftir sorgaráföll. Það er gott og gagnlegt við missi að hitta aðra sem bera líkar byrgðar og finna að í sorginni erum við ekki ein. Fundir eru að jafnaði í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Sjá auglýsingar í Dagskránni en nánari upplýsingar gefa prestarnir.

Vinaheimsóknir

Vinaheimsóknir kirkjunnar er heiti á afar góðu og merku sjálfbóðaliðastarfi á vegum kirkjunnar. Ásta Garðarsdóttir heldur utan um það starf og hefur hún starfsaðstöðu í Laxdalshúsi. Á þriðja tug sjálfbóðaliða er nú þegar á skrá, fólk sem er reiðubúið að heimsækja aðra til að létta þeim lífið, gleðja og styrkja. Enn er hægt að bæstast í þann góða hóp. Eins er kærkomið að koma boðum til Ástu um þá sem vildu þiggja slíkar vinaheimsóknir. Síminn hjá henni í Laxdalshúsi er 462 6680. Viðvera á þriðjudögum milli kl. 10 og 12.

Kawai-flygill í Glerárkirkju

Glerárkirkja hefur fest kaup á flygli af gerðinni Kawai, og bætir hann úr brýnni þörf fyrir hljóðfæri í kirkjunna. Hún hefur verið mikið notuð sem tónleikahús og þar hafa komið fram bæði lærðir og leikir, heimamenn í Kór Glerárkirkju og margir aðrir kórar, einsöngvarar og hljóðfæraleikarar. Flygillinn, sem var formlega tekinn í notkun á tónleikum fimmtudagskvöldið 23. október, verður mikil lyftistöng fyrir tónlistarlífið í kirkjunni og vonandi allt tónlistarlíf á Akureyri.

Á tónleikunum komu fram tveir kórar, sem styrkt höfðu kaupin á flyglinum. Þetta eru Karlakór Akureyrar-Geysir undir stjórn Erlu Þorólfsdóttur við píanóundirleik Dórotheu Dagnýjar Tómasdóttur, og Kór Glerárkirkju, sem organisti kirkjunnar, Hjörtur Steinbergsson, stjórnaði. Einnig sungu Þórhildur Örvarsdóttir, sópran, Sigrún Arna Arngrímsdóttir, mezzosópran, og Óskar Pétursson, tenór, nokkur lög á tónleikunum. Daniel Þorsteinsson, píanóleikari, tók flygillinn til kostanna og spilaði


með Kór Glerárkirkju og einsöngvurunum. Þá preytti Bjargarleysiskvartettinn frumraun sína á tónlistarsviðinu og verður sú frumraun varla endurtekin!! Kvartettinn skipuðu þau Þórhildur, Sigrún Arna, Óskar og Hjörtur, og gerðu þau létt grín að stórvirkjum í tónlistarsögunni við háklassískan undirleik Daníels!!!

Efnisskráin var mjög fjölbreytt og skemmtileg, allt frá lögum eftir Vestmanneyinginn Oddgeir Kristjánsson til afrísk-amerískrar trúartónlistar og skemmtu tónleikagestir og flytjendur sér hið besta. Allir listamennirnir gáfu vinnu sína. Sparisjóður Norðlendinga og KEA stóðu þétt við bakið á okkur og styrktu þessi kaup með veglegum fjárframlögum. Alls söfnuðust því rétt um 900.000,- sem var einmitt það sem þurfti til að koma þessum kaupum heilum í höfn.

Öllum þeim sem lögðu kirkjunni lið við þetta verkefni á einn eða annan hátt eru færðar hjartans þakkir.

Hjörtur Steinbergsson, organisti

Athafnir á aðventu, um jól og áramót



7. desember, sunnudagur

- Barnasamvera og messa kl. 11.00
- ATH. Aðventukvöld kl 20:30
- Ræðumaður Guðrún Sigurðardóttir.
- Mikill söngur og ljósaathöfn í umsjá fermingarbarna.
- Barnakór og Kór Glerárkirkju syngja, stjórnendur Ásta Magnúsdóttir og Hjörtur Steinbergsson.

9. desember, þriðjudagur

Kyrrðar og tilbeiðslustund kl. 18:10

10. desember, miðvikudagur

Hádegissamvera kl. 12.00

11. desember, fimmtudagur

Litlu jól hjá Opnu húsi fyrir foreldra og börn kl. 10-12

14. desember, sunnudagur

- Barnasamvera og messa kl. 11.00
- ATH. Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju kl. 17.00. Einsöngur: Þórhildur Örvarsdóttir sópran, Orgel: Eypór Ingi Jónsson. Stjórnandi: Hjörtur Steinbergsson

16. desember, þriðjudagur

Kyrrðar- og tilbeiðslustund kl. 18:10

17. desember, miðvikudagur

Hádegissamvera með jólabragði kl. 12.00

18. desember, fimmtudagur

Aðventusamvera eldri borgara kl. 15:00. Gestur sr. Hannes Örn Blandon, prófastur.
ATH. Bill frá Lindarsíðu

21. desember, sunnudagur

- Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00
- Barnakór Brekkuskóla syngur undir stjórn Arnórs Vilbergssonar
- Kvöldguðsþjónusta með léttri tónlist kl. 20.30
- Krossbandið syngur og leiðir söng.

24. desember - Aðfangadagur jóla Aftansöngur kl 18:00

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja
Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir, sópran. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Lúðrasveit Akureyrar leikur í forkirkju frá kl. 17:30

Miðnæturmessa kl. 23.00

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja
Einsöngur: Jónas Þór Jónasson, tenór
Organisti: Hjörtur Steinbergsson

25. desember - Jóladagur

- Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00
- Kór Glerárkirkju syngur
- Einsöngur Þórhildur Örvarsdóttir, sópran
- Organisti: Hjörtur Steinbergsson

26. desember - Annar dagur jóla

- Fjölskylduguðsþjónusta kl 14.00
- Helgileikur Barnakór Glerárkirkju syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir.
- ATH. 28. desember kl. 17.00
- Jólaguðsþjónusta F.S.A.

31. desember - Gamlársdagur

- Aftansöngur kl 18.00
- Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja
- Einsöngur: Sigrún Arna Arngrímsdóttir mezzósópran
- Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

1. janúar 2004 - Nýársdagur

- Hátíðarmessa kl. 14.00
- Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja
- Organisti: Hjörtur Steinbergsson

Glerárkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtals tímar í kirkjunni **þriðjudaga** og **fimmtudaga kl. 16.30-17.30** og á **miðvikudögum** og **föstudögum kl. 11-12** og **eftir samkomulagi**
Símar: Í kirkju **464 8808**, heima **462 7676** og GSM **864 8455**. Fax **464 8809**. Netfang: srgunnlaugur@simnet.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtals tímar í kirkjunni **mánudaga** til **fimmtudaga kl. 11-12** og **eftir samkomulagi**
Sími í kirkju: **464 8802**, heima **462 6605** og GSM **864 8456**
Netfang: arnaldur@glerarkirkja.is

Starfsmenn við Glerárkirkju:

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason

Hann er við daglega kl. 11-16. Sími **464 8800**
Heimasími hans er **462 2491** og GSM **864 5756**

Organisti er Hjörtur Steinbergsson


Sími **464 8804** og GSM **862 2316**

Ráðskona er Þórhildur Þórhallsdóttir

Heimasími hennar er **462 4258** og GSM **862 4258**

Kirkjuverðir eru Bertha Bruvik sími **865 4556**

Jón Oddgeir Guðmundsson sími **894 4301**



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentvinnsla: Alprint.